

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 19. júlí 2002.

**Sigurður Þórðarson**  
ríkisendurskoðandi.

*Sigurgeir Bóasson*  
endurskoðandi.

### **Staðfesting ársreiknings.**

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2001 varð hagnaður af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 14.411 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2001 var 1.086.093 þús. kr.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2001 með áritun sinni.

*Reykjavík, 18. júlí 2002.*

**Páll Pétursson**  
félagsmálaráðherra.

*Húnbogi Þorsteinsson*  
formaður ráðgjafarnefndar.

24. júlí 2002

Nr. 590

## **AUGLÝSING**

### **um deiliskipulag í Hafnarfirði.**

*Kirkjugarðurinn í Hafnarfirði.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 7. maí 2002 deiliskipulag fyrir Kirkjugarðinn í Hafnarfirði.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir stækkun kirkjugarðsins til suð-vesturs.

*Bílskúrar við Álfaskeið 35 – 53.*

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 4. júlí 2002 deiliskipulag fyrir bílskúra við Álfaskeið 35 – 53, í Hafnarfirði.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreiti fyrir bílskúra á þegar byggðum lóðum.

Farið var með tillögurnar samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 24. júlí 2002.*

F. h. Hafnarfjarðarbæjar,

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.